



Enska 9. bekkur

Hæfniviðmið	Leiðir að hæfniviðmiðum/kennari	Leiðir að hæfniviðmiðum/nemandi	Námsmat
<p>Við lok 10. bekkjar getur nemandi:</p> <p>Hlustun Geti skilið talað mál um margvísleg málefni þegar framsetning er áheyrileg. Geti hlustað eftir og fylgt nokkuð nákvæmum fyrirmælum og leiðbeiningum á ensku. Geti hlustað á og skilið lesinn texta á ensku og náð megininntaki textans.</p>	<p>Hlustunarefni tengt námsefni og áhugasviði nemenda. Vera með úrval hlustunarefnis s.s. efni tengt kennslubókum, tónlist, kvikmyndir og smásögur.</p>	<p>Nemendur hlusta á mismunandi textagerðir og algengustu afbrigði máls eftir málsvæðum.</p>	<p>Hlustunarverkefni og próf.</p>
<p>Lesskilningur Geti lesið sér til gagns og ánægju þó nokkuð flókna texta á ensku. Geti lesið fyrirhafnarlítið þó nokkuð krefjandi texta eins og skemmti- og fræðsluefni, smásögur og stuttar skáldsögur sem hæfa aldri. Geti nýtt sér samhengi í texta til að geta sér til um merkingu orða.</p>	<p>Sér til þess að nemendur hafi aðgang að fjölbreyttu lestrarefni sem hæfir aldri og áhugasviði nemenda.</p>	<p>Nemendur lesa stuttar skáldsögur, texta í kennslubókum, lesefni í fjölmiðlum og texta tengda unglíngamenningu. Unnið verður með textana á sem fjölbreyttastan hátt, s.s. í paravinnu, hópvinnu, hringekju, einstaklingsvinnu og stöðvavinnu.</p>	<p>Lesskilningsverkefni og próf, kjörbókarlestur og endursögn.</p>
<p>Samskipti Geti tekið þátt í samræðum á nokkuð hnökralausu máli og skilur og notar algengustu orðasambönd daglegs mál. Geti notað ensku á lipran hátt og</p>	<p>Kennari er með fjölbreytt verkefni sem krefjast þess að nemendur tjái sig munnlega.</p>	<p>Nemendur ræða við kennara og sín á milli um fyrirfram ákveðið viðfangsefni. Nemandi tjá sig um texta, kvikmynd eða málefni líðandi stundar</p>	<p>Munnleg próf og kynningar.</p>



<p>tekið þátt í samræðum og tjáð skoðanir sínar um persónuleg og kunnugleg málefni.</p> <p>Geti talað ensku á skýrann og eðlilegan hátt við ýmsar algengar aðstæður</p>			
<p>Frásögn</p> <p>Geti tjáð sig áheyrilega um málefni sem hann þekkir af þó nokkurri nákvæmni hvað varðar reglur um málnotkun.</p> <p>Geti á ensku sagt frá eigin reynslu og því umhverfi sem hann þekkir.</p> <p>Geti flutt undirbúna kynningu og gert grein fyrir því sem þeir hafa lesið um, hlustað á eða upplifað.</p> <p>Nemandi getur sagt frá skoðun sinni, væntingum og fyrirætlunum.</p>		<p>Nemendur segja frá og lýsir atburðum og athöfnum.</p> <p>Nemendur flytja kynningar tengdar námsefni fyrir samnemendur.</p>	<p>Munnleg próf, kynningar, upplestur og endursögn.</p>
<p>Ritun</p> <p>Geti skrifað samfelldan texta með um kunnugleg málefni á hnökralitlu máli og notað algengustu tengiorð og greinamerki.</p> <p>Geti skrifað ýmsar gerðir af textum og hagað orðum sínum með lesanda í huga.</p> <p>Hafi náð nokkru valdi á uppröðun efnisgreina og getur að mestu fylgt hefðum varðandi uppbyggingu texta.</p> <p>Nemandi getur skrifað tiltölulega hnökralausan texta og beitt helstu málfræðireglum.</p>	<p>Nemendur fá gátlista og hugtakakort sem styðja við ritfærni.</p>	<p>Nemendur rita texta samkvæmt fyrirmælum kennara og kennslubóka og fá leiðbeiningar frá kennara um það sem fara má betur.</p> <p>Nemendur æfa stafsetningu með sóknarskrift.</p>	<p>Kaflapróf úr kennslubókum, vinnubók og málfræði og ritunarefni tengd námsefni.</p>



<p>Meningarlæsi Nemandi þekkir nokkuð vel til mannlífs og menningar enskumælandi svæða. Þekki þau lönd sem hafa ensku að móðurmáli og þekkir nokkuð til aðstæðna íbúana. Átti sig á skyldleika ensku við íslensku og önnur tungumál</p>	<p>Nemendur lesa texta, skoða kort og sjá myndbönd um enskumælandi þjóðir og landsvæði.</p>		<p>Einstaklings- og hópverkefni.</p>
<p>Námshæfni Geti skipulagt nám sitt á nokkuð raunhæfan hátt og lagt mat á eigin frammistöðu og námsframvindu. Sýni ábyrgð og gera raunhæfar kröfur til sjálfs síns og annarra. Þurfa að vinna jafnt og þétt yfir önnina og skila heimanámi, verkefnum og prófum samkvæmt námsáætlun.</p>	<p>Kennari leiðbeinir nemendum við notkun leiðréttingaforrita og leitarvéla. Kennari leiðbeinir nemendum við jafningja- og sjálfsmat.</p>		<p>Margskonar einstaklings-, para- og hópavinna sem metin er af kennara og nemendum sjálfum í formi jafningjamats og sjálfsmats</p>